

Ársskýrsla formanns

Ársskýrsla Vorstehdeildar fyrir árið 2008

Vorstehdeild var formlega stofnuð 12 júní 2008 eftir góðan undirbúning áhugasamra einstaklinga. Í byrjum var skipað í bráðabirgðastjórn sem skipuð var af þeim Kjartani Antonssyni, Einari Hallssyni, Einari Páli Garðarssyni, Berþóri Antonssyni og Rafnkeli Jónssyni.

Á fyrsta aðalfundi deildarinnar var kosið í stjórn. Þeir sem kostnir voru í fyrstu stjórn Vorstehdeildar voru, Svafar Ragnarsson til tveggja ára sem einnig var kosin formaður deildarinnar, Einar Hallson til eins árs sem kosin var ritari deildarinnar, Rafnkell Jónsson til tveggja ára, Kristinn Friðbjólfsson til tveggja ára og Gréta Guðbrandsdóttir til eins árs.

Svafar Ragnarsson sagði sig úr stjórn Vorsteh þann 2. janúar. Svafar eignaðist barn fyrr um haustið og byrjaði hann einnig í nýrri vinnu sem hann vildi að sjálfsögðu sinna af alúð. Þökkum við Svafari fyrir samstarfið. Í framhaldi af afsögn Svafars var haldinn stjórnarfundur 5. janúar þar sem Gréta Guðbrandsdóttir var kosinn formaður stjórnar.

Ennfremur hefur Rafnkell Jónsson sagt sig frá stjórnarstörfum með bréfi þann 4 Febrúar.

Kristinn Hilmar Friðbjörnsson hefur einnig skriflega upplýst stjórn um að sökum sjómennsku sinnar sjái hann sér ekki fært að sinna stjórnarstörfum eins vel og hann myndi vilja, og muni víkja ef aðrir bjóði sig fram í hans stað, að öðrum kosti sitja áfram. Þess má geta að sakir starfa sinna hefur hann lítið sinnt störfum fyrir deildina, en mætt á alla þá fundi sem hann hefur getað.

Þökkum við þeim Rafnkeli og Kristni fyrir samstarfið.

Fram kom frá HRFI á árinu að ekki væru kosnir varamenn í stjórnir deilda eins og gert var á fyrsta aðalafundi Vorstehdeildar, það hefði því ekki verið lögmætt. Við teljum að þessu ætti að breyta, þannig að deildir geti kosið í varastjórn til að virkja fleiri félagsmenn og þeir geti tekið sæti í stjórn ef því væri að skifta eins og dæmi sanna. Munum við flytja um það tillögu á aðalfundi HRFI.

Á stofnfundi var einnig skipað í nefndir deildarinnar, veiðiprófsnefnd, göngunefnd, sýningarnefnd og ritnefnd.

Í ritnefnd eru, Guðmundur Örn Ólafsson, Kjartan Antonsson og Hannes Bjarnason.

Í göngunefnd eru, Kjartan Antonsson, Einar Páll Garðarsson, Jón Garðar

Pórarinsson og Rafkell Jónsson.

Í veiðiprófsnefnd eru, Einar Páll Garðarsson, Jón Garðar Pórarinsson og Kjartan Antonsson.

Í sýningarnefnd er Gréta Guðbrandsdóttir.

Fjótlega eftir stofnun deildarinnar vorum við komin á internetið, undir leninu vorsteh.is Einar Hallsson var réttihafi á því léni og eftirlét hann deildinni það og kunnum við honum bestu þakkir fyrir.

Pórhallur Kristjánsson og Hannes Bjarnason byrjuðu að smíða heimasíðuna, en að lokum tók Hannes alfarið við uppbyggingu hennar.

Var þetta mikil og metnaðarfull vinna eins og síðan ber með sér. Síðan er þó enn ung og í mótun, og á hún eftir að þroskast áfram í nánustu framtíð. Þökkum við þeim Pórhalli og Hannesi innilega fyrir vel unnin störf í þágu deildarinnar.

Vorstehdeild hélt eitt veiðpróf á sínu fyrsta starfsári, en það var alhliðaveiðipróf sem haldið var 9. ágúst.

Mikill metnaður var lagður í prófið, voru meðal annars haldnar 7 æfingar, ein æfing í hverri viku.

Fóru þar fremst í flokki Bergþór Antonsson, Gréta, Jón Garðar og Kjartan Antonsson, sem mættu á hverja einustu æfingu, bæði til aðstoðar sem og æfinga.

Gréta og Lárus Eggertsson aðstoðuðu svo Bergþór í sjáfu prófinu.

Var það mikill hvalreki að fá Bergþór til liðs við okkur, en hann fór yfir allar reglur varðandi alhliðapróf, og kenndi okkur hvernig ætti að æfa hundana fyrir alhliðapróf.

Bergþór er fyrsti dómari okkar Íslendinga sem lært hefur sérstaklega til alhliðaprófsdómara.

Æfingarnar voru mjög vinsælar, bæði hjá félagsmönnum sem og félögum úr öðrum deildum. Mikil og góð stemming myndaðist og sætti furðu hversu gott veður við fengum alla daga sem við æfðum saman, og einnig á sjálfan prófdaginn.

Samtals mættu 7 hundar í prófið, 3 í UF og 4 OF.

Gott einkunnarhlutfall fékkst í prófinu, samtals fengu 4 hundar einkunn, 2 í UF og 2 í OF sem verður að teljast mjög góður árangur og staðfesting á því hversu öflugur og fjölhæfur Vorstehhundurinn er. Prófið var styrkt af Versluninni Hlað Bíldshöfða og Robur, sem meðal annars selur hundafóður og aðrar vörur fyrir hunda.

Einnig voru veglegir farandbikarar gefnir af stjórn Vorstehdeildar.

Þökkum við styrktaraðilum innilega fyrir stuðninginn.

Vorsteðeild hélt einn félagsfund á síðasta ári, þann 4. september, þar sem meðal annars var farið yfir gang mála í alhliðaprófinu í máli og myndum. Einnig var rætt um nýja stigatöflu sem verður kynnt nánar hér á eftir.

Einnig stóð Vorsteðeild fyrir kynningu á Vorsteðhundum á Ljósanótt í Suðurnesjabæ í september. Rafnkell Jónsson átti veg og vanda að þeirri kynningu sem var mjög flott og vakti mikla athygli og heppnaðist í alla staði mjög vel.

Göngunefnd var svo með æfingargöngur sem hófust 20. ágúst og stóðu út september.

Vorsteðeild leigði aðstöðu í reiðhöll Andvara síðastliðið haust fyrir sýningarþjálfun. Æft var 1x í viku, samtals 5 skipti, og sáu Bergþór, Kjartan, Gréta og Sigríður Hrólfsdóttir um þær þjálfanir sem þóttust takast mjög vel.

Kostnaður kom út á sléttu og ákvað stjórn Vorsteðeildar nú í vetur að beina félagsmönnum að þjálfra hjá ungum sýnendum, þar styrkjum við gott málefni, og fagfólk þar á ferð þó ungt sé.

Ungir sýnendur fá greitt fyrir hvern hund óskipt í sjóð svo þau komist erlendis á sýningarkeppni.

Nýjar veiðiprófsreglur tóku gildi um síðustu áramót. Stjórn Vorsteð hélt fund þann 30. desember sérstaklega varðandi þessar nýju veiðiprófsreglur og boðaði einnig veiðiprófsnefnd deildarinnar á þann fund. Var það skoðun mikils meirihluta stjórnar, eða 4. á móti 1. að beita sér fyrir því að fá gildistöku þessara nýju reglna felda niður, þar sem stjórn Vorsteð taldi mikla annmarka á þessum nýju reglum.

Mikil vinna og tími fóru í það að rökstyðja okkar mál, og þurftum við meðal annars að þýða norsku reglurnar yfir á Íslensku.

Var það álit stjórnar Vorsteð að komið hefði verið aftan að Vorsteðeild varðandi þessar nýju reglur, það hefði ekki liðist í öðrum löndum að ganga framhjá svo stórri deild sem Vorsteð óneitanlega er hér á landi.

Því miður fór það samt þannig að nýju reglurnar voru samþykktar og fengum við engu um það ráðið, þrátt fyrir að eiga flestar skráningar í veiðipróf, eða rúmlega 50% á móti öðrum tegundum í tegundarhópi 7.

Einnig var nýtt fyrirkomulag varðandi veiðiprófanefnd kynnt á vegum HRFI. Framvegis verður það fyrirkomulag haft á að hver deild í tegundarhópi 7 tilnefni sinn fulltrúa í veiðiprófanefnd HRFI sem tekur ákvarðanir um öll veiðipróf ársins.

Einnig tók nýr sýningarmeistartitill hjá HRFI gildi nú um áramót. Hundur sem nær þeim titli fær ISSCH fyrir framan. Borið fram, Íslenskur sýningarmeistari.

Ekki eru allir á eitt sáttir við þennan nýja titil, var meðal annars stjórnnum allra deilda tegundarhóps 7. boðaðir á fund HRFI að frumkvæði FHD til að ræða nýjan sýningartitil.

Ljóst er að þessi nýi titill er kominn á, en ekki eru öll kurl komin til grafar varðandi það mál, þar sem stjórn Vorsteh hefur heimildir fyrir því að ákveðnar deildir eru að reyna að fá gildistöku hans afturkallaða.

Enn og aftur gengur HRFI framhjá deildum félagsins varðandi ákvörðunartöku sem skiptir miklu máli varðandi ræktun vinnuhunda.

Þess má geta að Vorsteh er með 53% allra skráninga á sýningar í tegundarhópi 7. árið 2008. Og meigum við vera mjög stolt af því.

Æfingagöngur byrjuðu svo aftur strax í janúar, æft er annað hvort laugardag eða sunnudag, það fer alveg eftir veðurspá, auglýst á heimasíðu Vorsteh á föst dagskvöldum hvorn daginn æft er.

Vel hefur verið mætt í þessar göngur, en búið er að æfa síðustu þrjár helgar. Göngunefnd áætla að auka við æfingagöngur, og hugsanlega færa þær fram á virka daga með hækkandi sól.

Vorstehdeild stendur fyrir einu veiðiprófi nú í vor, 17-19 apríl. UF og OF fyrri tvo dagana, og svo KF þriðja daginn.

Einnig áætla Vorstehdeild að halda í það minnsta eitt alhliðapróf, hugsanlega tvö, það fyrra yrði 18 júlí og það seinna 8 ágúst.

Er það von okkar að vel verði mætt í þessi próf Vorstehdeildar, aðeins með þátttöku okkar getum við farið fram á enn fleiri próf hjá HRFI.

Einnig er í vinnslu að fá í það minnsta eitt veiðipróf nú í haust, en það mun verða á borði nýrrar stjórnar.

Ekkert Vorsteh got var á árinu 2008.

Enginn Vorsteh hundur var heldur krýndur sýningarmeistari árið 2008.

Einn Vorsteh hundur náði þeim áfanga að verða Íslenskur veiðimeistari árið 2008. Rugdelias KMS Teitur.

Ræktandi Teits er Tore Kallekleiv og eigandi er Kjartan Antonsson.

Þess má geta að Teitur er fyrsti karlhundur í tegundarhópi 7 sem nær þeim merka áfanga að landa þremur meistaratitlum, og getum við unnendur Vorsteh verið stolt af því.

Óskum við Kjartani innilega til hamingju með árangurinn.

Þegar farið er yfir árið í skýrslu sem þessari þá er það ótrúlegt hversu miklu hefur verið áorkað á ekki lengri tíma, eða ekki nema 7 mánuðum.

Stjórn Vorsteh óskaði eftir sjálboðaliðum í nefndir á deildarfundi í fyrra. Félagsmenn brugðust vel við og komu nokkur nöfn á listann. Því miður týndist sá listi, og biðjum við hlutaðeigandi afsökunar á þeim mistökum. Reynslan sýnir að þátttaka í starfi deilda er mjög skemmtileg og gefandi, og einnig þroskandi varðandi áhugamálið.

Við viljum biðja ykkur aftur, og alla þá sem áhuga hafa á að koma að starfi deildarinnar á einn eða annan hátt að gefa sig fram, skrifa sig á listann hér á borði, við lofum að týna ekki næsta blaði, margar hendur vinna létt og skemmtilegt starf.

Að lokum langar mig fyrir hönd stjórnar Vorsteh að þakka samfylgdina á fyrstu skrefum deildarinnar.

Er það von mín og trú, að Vorsteh deild eigi eftir að verða öflug og leiðandi, fremst á meðal jafningja í framtíðinni.

Eydís Gréta Guðbrandsdóttir
Formaður.